



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
Sími 92-3100

95. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn 28. feb. 1985. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, settur skólameistari, Hjálmar Árnason, settur aðstoðarskólameistari, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Ingimundur Guðnason, Ómar Bjarnþórsson, Gísli Torfason, fulltrúi kennara, Guðný Reynisdóttir fulltrúi nemenda, og Hörður Björnsson arkitekt skólans.

Þetta gerðist:

1. Form. Gunnar Sveinsson setti fundinn og bauð fulltr. velkomna og nýjan fulltrúa nemenda Guðnýju Reynisdóttur. Þá gaf hann Herði Björnssyni orðið. Hann lýsti fyrirkomulagi þeirrar viðbyggingar skólans sem áformað er að hefja framkvæmdir við Sunnubraut. Síðan gaf form. Ingólfi Halldórssyni orðið sem lýsti því hvernig hann teldi að fyrirkomulag þyrfti að vera, annars vegar kennslustofur og samkomusalur ásamt stjórnunaraðstöðu. (Halldór taldi að þetta yrði að teljast bráðabrigðalausn og hvort ekki væri rétt að hugsa herra og byggja sérbyggingu á spildunni milli Keflavíkur og Njarðvíkur. (Verkmenntaskóla). Gunnar bað Hörð að lýsa áliti á því hvar hann teldi rétt að stjórnunaraðstaðan yrði og sagði hann að sér sýndist nú eðlilegt að hún væri miðsvæðis en það yrði að skoðast þegar af alvöru yrði farið að skipuleggja. Ákveðið var að fela Herði að koma með tillögur um skipulag byggingar á fyrirhuguðum stað með 6 - 8 kennslustofum, hafandi í huga stjórnunaraðstöðu og samkomusal. Á þeim grunnuppdrætti sem Hörður var með, er reiknað með 1100 m² á hæð. Hér vék Hörður Bjarnason af fundi.
2. Ráðning fulltrúa á skrifstofu skólans. Umsóknir höfðu borist þrjár.

Sæunn Njálsdóttir

Helga Loftsdóttir

Ingibjörg Guðnadóttir

Samróma álit að ráða Helgu Loftsdóttur.

3. Námsvistargjöld. Ingólfur Halldórsson lýsti fyrirhuguðu fyrirkomulagi og taldi þetta með svipuðum hætti og sveitarfélög hefðu óskað og væri skv. samningi R-víkurborgar og S.S.S.
4. Formaður las bréf frá Sögufélagi Suðurnesja. Bréfið fjallaði um menntun leiðsögumanna, ásamt hugmynd um að hún færi fram á námskeiðum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Fyrrverandi skólameistari

Jón Böðvarsson ritaði bréfið og óskaði eftir að afstaða skólanefndar F.S. yrði könnuð á þessum fundi. Skólanefndin var einróma samþykk og fulltrúi í skólastjórn námsskeiðsins var kosinn Magnús Ó. Ingvarsson, kennari og til vara Helgi Eiríksson, kennari (báðir starfandi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja).

5. Önnur mál: Ingólfur lýsti ástandi því er gæti skapast 1. mars ef alvara yrði með útgöngu kennara. 23 hafa sagt upp - 11 eru eftir af kenn. í H.Í.K.


Halldór taldi lítið hægt að gera fyrr en séð væri hvernig ástand hefði skapast eftir 28. febr. Á þessu stigi þótti nefndinni lítið hægt að gera (eins og Halldóri) og var ákveðið að sjá hvað setur.

Starfsvika: Gunnar bað Hjálmar að segja í fáum orðum frá fyrirkomulagi og árangri starfsvikunnar. Hjálmar kvað að í 1. heild hefði vel til tekist. Kannski hefði verið heldur stífl dagskrá og mæting nemenda hefði mátt vera betri. Skýrsla mun koma síðar.


Umsóknir um stöðu skólameistara: Gunnar sagði að 2 umsóknir hefðu borist þann 27. febr. fleiri gætu hafa borist í dag (28) (Hreinn spurði um bækling í sambandi við tæknibrautir).

Ingólfur vakti athygli á dreifibréfi um inntöku nemenda í framhaldsskóla.

Fleira ekki gert.



Bogi Hallgrímsson,
fundarritari.



Ingólfur Halldórsson,
settur skólameistari.